

Bláskógabyggð
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Félagsheimilinu Aratungu
801 Selfoss

Reykjavík, 16. maí 2024
UST202404-154/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Bergsstaðir - Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 12. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Bergsstaði í Bláskógabyggð. Í greinargerð kemur fram að á Bergsstöðum eru afmarkaðir tveir byggingareitir þar sem á B1 er heimilt byggja allt að 300 m² íbúðarhús og bílskúr, sambyggt eða sitt í hvoru lagi., gestahús allt að 70 m² og útihús/skemmu allt að 250 m². Á byggingareit B2 er heimilt er að byggja þrjú gestahús til útleigu fyrir ferðamenn þar sem heildar byggingarmagn getur verið allt að 270 m².

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá NÍ er norð-vestast á skipulagssvæðinu innan byggingareits B1 votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir á að þann möguleika af afmarka byggingareitinn nánar í samræmi við afmörkun votlendisins.

Einnig bendir stofnunin á að vegagerð getur valdið fyrirstöðu og þurrkáhrifum.

Að mati Umhverfisstofnunar getur skipulagstillagan valdið raski á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það.

Því þarf, ef tillagan mun raska votlendi koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á votlendinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufrýrbæri sem verða fyrir röskun.

Votlendi, gróður og fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) og loftmyndum er skipulagssvæðið óraskað og vel gróið og auk þess er innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðirnar starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins. Auk þess getur tillagan haft neikvæð áhrif á fuglalíf á svæðinu þar sem fuglar muni hörfa af svæðinu þegar framkvæmdir hefjast.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ríkey Kjartansdóttir

sérfræðingur